

Nd.

205. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breytingu á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., og lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Ólafur B. Óskarsson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Tollur skv. 1. gr. tollskrárlaga, nr. 120/1976, á vörum í tollskrárnúmeri 94.04.04 (borðtennisútbúnaður) lækkar í 35%.

2. gr.

Úr A-lið 1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, fellur brott tollskrárnúmerið 94.04.04.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt íþróttalögum merkja íþróttir hvers konar líkamsæfingar er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnubrek og táp. Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því sem mælt er fyrir í lögum og reglugerðum. Leggja skal áherslu á það að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti eftir því sem fært þykir og aðstæður leyfa. Þá skal og stuðla að því að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum.

Það er alkunna að skólamannvirki eru mjög dýr. Í hverju skólahverfi landsins skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Þó að víða sé unnið að þessum málum af festu og fyrirhyggju heimamanna verða árin oft æði mörg sem líða frá því að fyrsta skóflustungan er tekin þar til skólahúsnæðið er fullbúið að allri gerð, þar á meðal hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkana. Þetta stafar m.a. af því hvað ríkið er svífaseint að greiða lögboðin fjárframlög að sínum hluta. Að sjálfsögðu er þetta mjög bagalegt, ekki síst fyrir forráðamenn fjölmennra heimavistarskóla sem ævinlega verða að sjá um að nemendur hafi eitthvað hollt og gagnlegt fyrir stafni. Þar til má nefna að nemendur geti átt aðgang að íþróttasal, sundlaug eða útileikvangi. En jafnvel þar sem slíka aðstöðu skortir má reyna einföld og ódýr ráð til úrbóta. Skal hér bent á eitt lítið atriði.

Borðtennis getur verið mjög hressandi og skemmtileg íþróttagrein. Ekki þarf mikinn útbúnað og auðvelt er að grípa í þennan leik í stuttum og strjálum tómstundum. En betra er að allur umbúnaður sé löglegur þótt einfaldur sé því að þetta er viðurkennd keppnisgrein á Ólympíuleikum. Samkvæmt tollskrá skal greiða 50% toll og 24% vörugjald af borðtennisbúnaði. Þetta eru mun hærri aðflutningsgjöld en greidd eru af öðrum sambærilegum íþróttavörum. Efni þessa frumvarps gengur út á það að tollur þessi verði lækkaður í 35% og vörugjald fellt niður.